

Mosfellsbær
B.t. Tómasar G. Gíslasonar
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík 20. október 2017
UST201710-076/I.M.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Fólkvangur í Bringum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Tómasar G. Gíslasonar, f.h. Mosfellsbæjar, dagsett 10. október 2017, um leyfi til að stika gönguleið og flytja upplýsingaskilti að gamla Bringnabænum innan fólkvangsins Bringur í Mosfellsdal. Fyrirhugað er að fara í framkvæmdirnar í október eða nóvember 2017.

Fólkvangurinn Bringur í Mosfellsdal er friðlýstur sem fólkvangur, sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 528/2014. Öll mannvirkjagerð, jarðrask og önnur breyting á landi innan marka fólkvangsins er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar, og í samræmi við samþykktar skipulagsáætlanir og samþykktar verndaráætlun. Óheimilt er að byggja varanleg mannvirki á landinu, sbr. 10. gr. friðlýsingaskilmála fólkvangsins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að stika gönguleið og flytja upplýsingaskilti frá jaðri fólkvangsins að minjum gamla Bringnabæjarins í norður hluta fólkvangsins. Tveir starfsmenn munu koma að verkefninu. Stikur verða einfaldar en vel sýnilegar plaststikur, sambærilegar þeim sem notaðar eru á stikuðum gönguleiðum í Mosfellsbæ. Rask við uppsetningu þeirra er ekkert. Nota þarf léttu gröfu til að flytja skiltið. Um er að ræða litla gröfu á stórum dekkjum sem valda sem minnstu raski. Lögð er áhersla á að verkið valdi sem minnstu raski á svæðinu, t.d. þegar jörð er ekki mjög blaut. Þörf er á að fara út fyrir göngustíga og vegi en farið verður á gröfunni eftir gönguleiðinni sem verið er að marka til að auka aðgengi almennings að gamla Bringnabænum. Framkvæmdin er til að stýra aðgengi almennings að minjum og halda þeim á merktri leið og því minnka álag á önnur svæði. Frekari uppbygging gönguleiðar verður skoðuð síðar. Leiðin sem um ræðir er sett fram á loftmynd og ljósmyndum sem fylgja umsókninni. Farið verður að reglum Mosfellsbæjar um framkvæmdir á viðkvæmum svæðum.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir framkvæmdinni.

Skilyrði:


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir stikun göngustígar og flutningar skiltis að gamla Bringnabænum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefjast og þegar því lýkur.


- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnaýrvalingu.
- Akstursleið gröfunnar fari ekki út fyrir fyrirhugaða gönguleið og þess verði gætt að tímasetja framkvæmdina þannig að akstur hennar valdi ekki óþarfa jarðraski. Á viðkvæmum svæðum skal leggja plötur/mottur undir vélina til að minnka jarðrask.
- Tryggt skal að framkvæmdin valdi ekki óþarfa gróðurskemmdum.
- Starfsmenn framkvæmdarinnar gangi snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en vinna hefst.
- Ekki verði truflun á dýralífi að ræða.
- Öllu raski við verkefnið verði haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Að gönguleiðin falli inn í landslagið
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Senda skal Umhverfisstofnun myndir af verkinu að framkvæmdum loknum á netfangið thordis.bragadottir@umhverfisstofnun.is.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur